

31. fundur

Safna- og menningarmálanefnd hélt fund þriðjudaginn 6. maí 2003 í Ráðhúsinu. Mætt voru Sigurlína Sigurbjörnsdóttir, Ægir Breiðfjörð, Guðrún Gunnarsdóttir, Laufey Hjaltalín, Sigrún Ársælsdóttir og Magnús A. Sigurðsson.

Dagskrá: 1. Starfsemi bókasafnsins.
 2. Önnur mál.

1. Starfsemi bókasafnsins.
 Sigurlína sagði frá því að Ljósmyndasafnið muni verða með sýningu í Norska húsinu í samvinnu við bókasafnið. Sýningin verður sennilega í ágúst.
2. Önnur mál.
 Mikið rætt um menningartengda ferðaþjónustu. Magnús greindi frá því að fyrirhugað er að vinna að sameiginlegri kynningu á málum safna og minja á Vesturlandi.
 Miklar umræður urðu um göngustíga og göngustígagerð í Stykkishólmi og nágrenni sem bæði myndi nýtast heimamönnum og ferðamönnum. Í framhaldi af þessari umræðu ákvað safna- og menningarmálanefnd að bjóða bæjarfulltrúum og fleirum í gönguferð 21. maí.

Fundi slitið kl. 19.10.

Sigrún Ársælsdóttir (sign.),
Laufey V. Hjaltalín (sign.),
Guðrún A. Gunnarsdóttir (sign.),
Ægir Jóhannsson (sign.),
Sigurlína Sigurbjörnsdóttir (sign.),
Magnús A. Sigurðsson (sign.).

Íhs.